

Hnerrinn. Smásaga.
Höfundur ókunnur.

3 blöð vélrituð.

Víðbætur 10.

H N E R R I N N.

Ég var barnakennari, meira að segja yfirkennari í stórum skóla. Börnin voru víst 70 að tölu. Þau voru svo ástundunarsöm við lærdóminn og siðlát í skólanum, að ég var harð-ánægður með hvorttveggja. Ég hafði innrætt þeim að bera mikla virðingu fyrir kennurunum, og þá sérstaklega mér, meðal annars með því, að í hvert skifti sem ég hnerraði, þá fleygðu þau öllu frá sér, stóðu upp úr sætum sínum, með auðmýktar-svip, krosslögðu hendurnar á brjóstinu, hneigðu sig og sögðu öll í einum hópi: "Guð blessi kennarann okkar." Var ég þá vanur að segja - svona, þegar ég var búin að hnerra-: "Guð blessi ykkur, börnin mín."

Léti nokkurt barnanna hjálíða að taka undir óskir hinna, var ég vanur að láta það barnið strax í skammakrókinn. Það var ekki hægt annað að sjá, en þessi vandlætingasemi mín mundi bera góðan ávöxt. Þau voru svo góð og elskuleg við mig, krakkagreyin, og ég reyndi að vera góður við lau líka, þegar þau voru svona þæg og hlýðin.

Einusinni beiddu börnin mig lofa sér að fara upp í heiði, til að tína blóm og grös. Það var sólskin og blíða þannan dag og mjög heitt í veðri. Vitanlega kom ekki annað til mála, en að ég færi með þeim, bó ég væri mjög kvefaður og gæti átt von á að versna af kvefinu í þessum hita; börnin urðu glöð við, er þau heyrðu, að ég, sjálfur yfirkennarinn, ætlaði að fara með þeim, en léti ekki einhvern hinna kennaranna fara.

Mér var mikil ánægja að horfa á, hversu natin börnin voru við það, að tína blómin og grösin, hvernig þau léku sér og skemtu sér vel, enda hafði ég vakandi auga á öllum leikjum þeirra, unz þau voru orðin breytt og vildu fara heim.

Þetta var langur gangur fyrir þau þreytt og lúin í þessum mikla hita, en við hvíldum okkur stundum vel. Verst var að engan vatnsdropa var að finna, barna á heiðinni, enda fóru nú börnin að kvarta sáran um þorsta; þau voru öll orðin dauðþyrst og lafbreytt, svo, að ég hélt að ég gætlaði ekki að komast heim með þau um kvöldið, því enn var langt heim,

en hitinn var jafnvel enn meiri um kvöldið, en hann hafði verið um daginn og ég var mikið verri af kvefinu og sár-ílt í höfðinu. Enn gengum við lengi, lengi, og leituðum vatns, þó ekki væri nema kelda eða forarpollur, held ég að við hefðum orðið glöð við að finna það. Loks datt mér í hug að fara með börnin út í hraunið, sem var á aðra hlið við okkur, því ég vissi þar af gjám, og í þeim er oft vatn. Jú, viti menn, við fundum gjá, og sáum grilla í vatnið lengst niðri á botni gjárinnar. Við urðum öll himinlifandi glöð við þessa sýn, en þá tók ekki betra við: Engin leið að ná í vatnið, á þess að síga niður í gjána, og nú vantaði sterkt band eða reipi til þess að binda utan um einhvern krakkan og láta hann síga niður í gjána eftir vatninu. Nú voru góð ráð dýr. Börnin hágrétu af þorsta.- Ekki gat ég haft það eins og Bakkabræður, þó þegar þeir fóru í brunnin, ^{ad} láta þau fara niður í gjána á þann hátt, að láta þau halda í ^L fætturnar hvert á öðru. Ég tók mittisböndin þeirra, treflana og axlaböndin og batt þessu öllu saman í eina taug, svo langa, að hún náði niður að vatninu í gjánni. En hver átti svo að síga niður? Mér fanst, að ég gæti ekki farið fram á það við neitt barnið að gera það, og jafnvel ekki að þiggja það, þótt eitthvert þeirra byðist til þess. Hvað yrði sagt um mig, ef eitthvert barnið drukknaði í gjánni, af því, að ég hefði ekki þorað að síga sjálfur.

Ég afreó því að kætta á þetta og síga niður í þessu veika bandi, sem ég hafði taslað saman úr treflum og jafnvel sokkaböndum barnanna, en það veit Guð, að ég var hræddur. Ég sagði því við börnin, eins og ég ætti ekki von á að sjá þau lifandi oftar: "Heyrið þið nú elskunarkar mínar. Þið eruð að deyja af þorsta.- Hér er nú vatn.- Ég ætla að reyna að síga niður í þessu bandi, og þið ykkur að halda vel í annan endann. Þegar ég er kominn alla leið, ætla ég að binda vestisvasanum mínum við sigbandið, - ég reif nefnilega vasann undan vestinu mínu, því ég vissi að það er vatnsbétt léreft í honum. Jaja, svo, þegar þið hafið fengið nóg vatn, skuluð þið láta sigbandið renna niður til mín aftur; ég ætla þá að binda það yfirum mig og segja svo til, þegar þið megið fara að

tosa mér upp aftur. — En haldið þið, að þið getið nú þetta, elskurnar mínar? — Það getur riðið á lífi mínu. — „E, æ, blessaður yfirkennarinn! — Ég veit ekki — o — jú, kanske, — nei, nei, við þorum ekki. Jú, við skulum reyna, — sögðu þau svo öll í einu.

En á meðan ég var að binda bandið yfirum mig, sagði ég við þau: Munið nú, elskurnar mínar, að enginn ykkar má sleppa bandinu á meðan þið halið mig upp.

Já, já, já, já, sjálfsagt.

Ég seig svo niður; allt gekk vel. Hver vestisvasinn eftir annan, fullur af tárhreinu lindarvatni, var nú halaður upp og allir fengu nægju sína af þessum svaladrykk, og nú var aðeins eftir að tosa mér upp. Skyldu nú blessuð börnin geta haldið nógu vel í bandið? Eða skyldu þau gleyma loforðinu og sleppa taki? hugsaði ég á leiðinni upp og nú var ég rétt að segja búinn að ná með höndunum uppá gjárbrúnina, en bá fæ ég allt í einu einn af þessum vondu hnerrum, en þegar börnin heyra það, sleppa þau bandinu allt í einu, ég pompa niður í gjána, þau krossleggja hendurnar á brjóstum sér og segja, eins og vant var, þegar ég fékk hnerra: "Guð blessi yfirkennarann okkar." "

Svo hljóðuðu þau öll upp yfir sig, þutu sitt í hverja áttina til þess að leita mér hjálpar. — Hún kom eftir nokkurn tíma — og allt fór vel.

Ég er að vísu altaf lerka í skroknum síðan, og hefi forðast að hnerra þegar ég hefi verið nálægt börnum.

-o-o-o-o-o-o-o-